

Skilmálar fyrir Hraðleið á Keflavíkurlflugvelli

1. Skilgreiningar

- Þessir skilmálar og verð gilda um sölu Isavia ohf. á þjónustunni *Hraðleið* á Keflavíkurlflugvelli til einstaklinga.
 1. **Hraðleið** : Skilgreind leið og hlið að öryggisleit eingöngu ætluð farþegum sem hafa öðlast aðgang að þjónustunni.
 2. **Viðskiptavinur / Farþegi**: Einstaklingur sem kaupir eða nýtir Hraðleið
 3. **Öryggisleit**: Skoðun farþega og handfarangurs.
 4. **Þjónustusali**: Isavia ohf.

2. Þjónustusvið og umfang

- *Hraðleið* gerir farþegum kleift að fara fram hjá almennri biðröð og fá aðgang að sérmerktu aðgangshliði að öryggisleit
- Hægt er að kaupa þjónustuna á vef Keflavíkurlflugvallar: <https://www.kefairport.is/hradleid>
- Að kaupum loknum tengist rétturinn að Hraðleið við viðkomandi brottfararspjald.
- Farþegar með rétt á þjónustunni hafa einnig forgang í lyftu frá innritunarsal að öryggisleit.
- Þjónustan tryggir ekki að farþegar þurfi ekki að bíða í biðröð, en markmið þjónustusala er að 98% farþega komist í gegnum hlið að öryggisleitarlínu innan 5 mínútna.
- Fjöldi öryggisleitarlína fer eftir álagi hverju sinni
- Opnunartími Hraðleiðar er sá sami og fyrir almenna öryggisleit. Þjónustusali áskilur sér rétt til tímabundinna lokana í ljósi aðstæðna hverju sinni.

3. Aðgangur

- Þjónustan veitir ekki undanþágu frá skyldu til að mæta tímanlega eða undanþágu til skoðunar í öryggisleit.
- Farþegi skannar brottfararspjald á hliði merkt "Hraðleið í öryggisleit / Fast Track".
- Aðgangur gildir einungis fyrir hvert brottfararspjald og er bundinn við tiltekið flug, farþega og dagsetningu.
- Aðeins má skanna brottfararspjald einu sinni við hraðleiðarhlið.
- Rangar upplýsingar, misnotkun eða annað sambærilegt leiðir til synjunar um aðgang að Hraðleið án endurgreiðslu.
- Þjónustusali getur tímabundið lokað eða takmarkað aðgang að Hraðleið í öryggisleit ef nauðsyn krefur, t.d. vegna öryggissjónarmiða eða tæknibilana.
- Hraðleið veitir ekki forgang í vegabréfsafgreiðslu, farþegainnritun eða aðrar þjónustur en öryggisleit.

4. Verð og bókanir

- Gjald fyrir hvern farþega óháð aldri er kr.2.480 með VSK.
- Aðgangur gildir eingöngu fyrir það flug og dagsetningu sem valið er við bókun
- Bóka skal aðgang að Hraðleið minnst 6 klukkustundum fyrir áætlaða brottför

KEF

- Staðfesting er send á uppgafið netfang eftir bókun
- Allar greiðslur eru óafturkræfar. Endurgreiðsla er einungis veitt ef þjónustusali ákveður að hætta að veita þjónustuna Hraðleið og ekki er hægt að uppfylla kaup viðskiptavina.

5. Ábyrgð og takmarkanir

- Þjónustan tryggir ekki að farþegi komist hraðar í gegnum öryggisleit og tryggir ekki að farþegar nái flugi
- Þjónustusali ber ekki ábyrgð á tjóni sem farþegar geta orðið fyrir t.d. ef farþegi mætir of seint og missir af flugi.

6. Force majeure / óviðráðanleg atvik

- Þjónustusali ber ekki ábyrgð á vanefndum, töfum eða lokunum sem stafa af óviðráðanlegum atvikum, þar á meðal en ekki takmarkað við: óveður, verkföll, tæknibilanir, eld, rafmagnsleysi, bilun á búnaði, fyrirmæli yfirvalda, öryggisráðstafanir eða ófyrirséð álag á flugstöðinni.

7. Persónuvernd

- Við bókun eru unnar eftirfarandi upplýsingar: nafn, flugnúmer, brottfarartími, netfang og greiðsluupplýsingar.
- Upplýsingar eru unnar í þeim tilgangi að veita þjónustuna, staðfesta rétt farþega til aðgangs og sinna uppgjöri.
- Þjónustusali varðveitir upplýsingar ekki lengur en nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar eða lögbundnar kröfur.
- Persónuupplýsingar eru ekki afhentar þriðja aðila nema lög krefjist þess eða til að veita þjónustuna.
- Nánari upplýsingar má finna í kaflanum Meðferð persónuupplýsinga á isavia.is.

8. Lög og varnarþing

- Skilmálar þessir lúta íslenskum lögum. Ágreiningur sem kann að rísa skal bera undir héraðsdóm Reykjavíkur.

9. Aðrir skilmálar

- Réttindi samkvæmt þessum skilmálum eru persónubundin og ekki framseljanleg.
- Isavia getur takmarkað fjölda aðganga að Hraðleið hvenær sem er.
- Isavia áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum án fyrirvara.
- Með kaupum á þjónustunni staðfestir farþegi að hann hafi kynnt sér og samþykkt þessa skilmála.

Gildistími frá og með 09.02.2026